



Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 5. febrúar 2026

Málsnúmer: 202601-0064

IAS/LA

Efni: Jarðhitanýting í Eldvörpum, Grindavík.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar frá 9. janúar 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar jarðhitanýtingar í Eldvörpum

HS Orka undirbýr nú jarðhitanýtingu frá Eldvörpum í Grindavík. Tilgangur framkvæmdar er tvíþættur, í fyrsta lagi er um að ræða jarðhitanýtingu frá Eldvarpasvæðinu og tengingu við Svartsengi. Í öðru lagi að bora háhitaholu fyrir niðurdælingu á nýju svæði sem gæti stutt við framtíðar vinnslusvæði.

Eldvörp eru í orkunýtingarflokki samkvæmt rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þar er gert ráð fyrir jarðhitanýtingu fyrir allt að 50 MW virkjun. Í þessu umhverfismatsferli verður fjallað um fullnýtingu vélarafis í Svartsengi, sem felur í sér um 25 MW framleiðsluaukningu í Svartsengi, úr 85 MW í 110 MW. Uppbyggingin verður framkvæmd með þeim hætti að tryggt sé að jarðhitaauðlindin sem kennd er við Svartsengi og Eldvörp standi undir aukningunni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og vill koma með eftirfarandi ábendingar.

Náttúrufræðistofnun vann árin 2019-2020 fyrir VSÓ ráðgjöf, f.h. HS Orku, vegna undirbúnings við mat á umhverfisáhrifum mögulegrar jarðhitavirkjunar á svæði austan við Eldvörp á Reykjanesskaga. Markmið rannsóknanna var að safna upplýsingum um jarðminjar, vistgerðir, gróður og fuglalíf á svæðinu, leggja mat á verndargildi þessara þátta og meta áhrif framkvæmdanna á sömu þætti. Ekki eru fyrirhugaðar frekari rannsóknir en matskýrslan mun byggja á niðurstöðum þessara rannsókna¹⁾.

Eins og fram kemur er í matsáætlun framkvæmdaaðila eru Eldvörpin á C-hluta náttúruvænjanakrár og jarðminjar á svæðinu njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og skal forðast rask þeirra nema brýna nauðsyn beri til. Auk þess eins og segir í skýrslu Náttúrufræðistofnunar¹⁾: „Svæðið er einnig á náttúruverndaráætlun 2004–2008 sem var samþykkt af Alþingi 2004, en þar er lagt til að svæðið verði verndað sem náttúruvætti vegna jarðfræðilegs mikilvægis (Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008)²⁾. Þar segir „Reykjanes er einstakt svæði á heimsvísu því að þar má sjá framhald úthafshryggjar á þurru landi þar sem tvær jarðskorpuplötur gliðna í sundur. Ummerki um gliðnun jarðskorpu eru greinileg á svæðinu og þar eru fjölbreytt eldvörp og jarðhitasvæði.“

Svæðið er metið með hátt verndargildi fyrir jarðminjar og hefur mikið vísinda- og fræðslugildi. Svæðinu hefur þegar verið raskað að einhverju leyti og í matsáætlun kemur fram að meta á umfang á nýju raski vegna fyrirhugaðra framkvæmda og meta hvort þörf eða möguleiki sé á mótvægisáðgerðum.

Mikilvægt er að framkvæmdasvæðið verði skýrt afmarkað í umhverfismatskýrslu til að koma í veg fyrir óþarfa rask og huga má að því sem mótvægisáðgerð að friðlýsa þann hluta Eldvarpanna sem enn er óraskaður.



Borplanið með borholunni EV-02 er á hellasvæði og naðurtunga hefur fundist í námunda við það, en hún er á válista og er friðuð, og er æskilegt að framkvæmdaaðili setji fram aðgerðaráætlun til koma í veg fyrir rask á hellum og válistaplöntum.

Fram kemur að uppfært langtíma hættumat í tengslum við náttúruvá hefur ekki verið gefið út en að mati Náttúrufræðistofnunar þarf þetta hættumat ásamt viðbragðsáætlun að liggja fyrir vegna mögulegra jarðskjálfta og eldsumbrota í Eldvörpum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur

Heimildir:

¹⁾ Járngerður Grétarsdóttir, Kristján Jónasson, Rannveig Thoroddsen, Svenja N.V. Auhage og Sigmar Metúsalemsson 2021. [Eldvarpavirkjun á Reykjanesskaga: úttekt á jarðminjum, vistgerðum, gróðri og fuglalífi](#). Unnið fyrir VSÓ Ráðgjöf, f.h. HS Orku. NÍ-21004.

²⁾ [Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004-2008](#).